

ATH!
Verð á auglýsingum
frá og með 10 janúar 2016

Verð hálsíðu er. kr.3.200.-m.vsk
Verð heilsíðu er kr.4.300.- m.vsk

hlaupastelpa@isl.is—895-3386



ATH!
Næsta Hlaupastelpa kemur út
Miðvikudaginn 20. apríl

Auglýsingum þarf því að skila í
síðasta lagi mánudaginn 18. apríl ,
fyrir kl. 16:00



Þingeyjarsveit
Tillaga að deiliskipulagi frístundahúsa
á jörðinni Miðhvammi í Aðaldal

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 31. mars 2016 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi vegna uppbyggingar á gistirekstri á jörðinni Miðhvammi, sem aukastarfsemi með landbúnaði. Gert er ráð fyrir gistirekstri í tveimur smáhýsum/ frístundahúsum á heilsársgrundvelli. Skipulagssvæðið nær yfir spildu á milli Hvammavegar (853) og núverandi bygginga í Miðhvammi. Svæðið afmarkast af trjábelti til norðurs, helgunarsvæði Hvammavegar til austurs og aðkomuvegi að núverandi byggingum til suðurs og vesturs. Stærð skipulagssvæðisins er um 1,0 ha.

Tillöguuppdráttur með greinargerð munu liggja frammi á skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna, 650 Laugar, frá og með föstudeginum 8. apríl 2016 með athugasemdarfresti til og með föstudeginum 20. maí 2016. Þá eru upplýsingar og aðgengilegar á heimasíðu Þingeyjarsveitar: <http://www.thingeyjarsveit.is>, /Skipulagsauglýsingar.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út föstudaginn 20. maí 2016. Skila skal athugasemdum skriflega til skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna, 650 Laugar og/eða í tölvupósti á netfangið:

bjarni@thingeyjarsveit.is. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests teljast henni samþykkir.

Bjarni Reykjálín,
skipulags- og byggingarfulltrúi Þingeyjarsveitar.

Aðalsafnaðarfundur Ljósavatnssóknar

Fyrir árin 2015 og 2016 verður haldinn í safnaðarheimili Þorgeirskirkju mánudagskvöldið 25. apríl kl. 20:00.

Venjuleg aðalfundarstörf

Sóknarnefnd



Frá Stórutjarnaskóla

Grunnskólakennari

Grunnskólakennara vantar að Stórutjarnaskóla í Ljósavatnsskarði næsta skólaár. Helstu kennslugreinar eru samfélagsfræði og náttúrufræði á unglingsstigi og danska.

Starfsmaður í leikskóla

Einnig vantar tímabundið starfsmann í leikskóladeild Stórutjarnaskóla, frá 30. maí til 7. júlí nk.

Umsóknarfrestur er til 1. maí nk.

Nánari upplýsingar veitir skólastjóri í síma 464-3220 eða á netfanginu oliarn@storutjarnaskoli.is

Einnig má finna ítarlegar upplýsingar um skólann á www.storutjarnaskoli.is

Aðalfundur Kvenfélags Ljósvefninga



Verður haldinn í Safnaðarheimili Þorgeirskirkju miðvikudagskvöldið 27. apríl nk. kl. 20:30.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Alltaf er pláss fyrir nýjar félagskonur.
Verið velkomnar .

Stjórnin

Áburðardreifing 2016

Bíð upp á áburðardreifingu með GPS tækni í vor, GPS dreifing eykur nýtingu á áburði, og gerir bændum kleift að byrja fyrr á vorin að dreifa á tún. Er með 3. tonna dreifara, lyftutengdan og vél á flot miklum dekkjum.

Áhugasamir hafi samband við Sigvalda í síma 893-9516 eða á emaili silli69@hotmail.com

Verð pr. ha. 2250.- +vsk



Fermingarguðsþjónusta í Hálskirkju

Fermingarguðsþjónusta verður í Hálskirkju laugardaginn 23. apríl kl 13.30.

Fermd verða

Inga María Hauksdóttir og Kristján Davíð Björnsson.

Kirkjukórinn syngur undir stjórn

Dagnýjar Pétursdóttur. Verið velkomin!



FÉLAGSVIST

Spiluð verður félagsvist á Illugastöðum föstudagskvöldin 22. og 29. apríl

og föstudagskvöldið 6. maí.

Vistin hefst öll kvöldin kl 20:00.

Spilanevnd Bjarma

AÐALFUNDUR

Ferðamálsamtaka Þingeyjarsveitar

Verður haldinn á Breiðamýri 29. apríl kl. 15.00

Nýir félagar velkomnir. Unnið er að því að enskuvæða heimasíðu samtakanna visitgodafoss.is og þeir sem ganga í samtökin fyrir aðalfundinn komast strax á síðuna án kostnaðar. Tillaga er um breytingu á samþykktum samtakanna. Eftir aðalfundinn um kl. 16 er fyrirhuguð skemmtiferð um austurhluta sveitarfélagsins. Heimsóttir verða nokkrir aðilar samtakanna og starfsemi þeirra skoðuð. Hvetjum sem flesta til að koma með og styrkja samtökin félagslega. Áætlað er að skemmtiferðin standi til kl. 19 og þá verði veitingar í Dalakofanum.

Stjórn Ferðamálsamtaka Þingeyjarsveitar



Nú liggur leiðin í Laugar

Á sumardaginn fyrsta verður opið hús í Íþróttahúsinu á Laugum frá kl. 14-17 þar sem Framhaldsskólinn á Laugum sýnir ýmsar hliðar skólastarfsins sem og gamla muni. Jafnframt verða kynnisferðir um húsnæði og heimavistir skólans. Kaffihústæmning með tónlist í boði nemenda verður ríkjandi og gestum boðið upp á kaffi og meðlæti sér að kostnaðarlausu á milli þess sem þeir rölta, skoða og taka þátt í deginum. Ýmis félagasamtök úr nærsamfélaginu s.s. HSP, Búnaðarsamband S-Þingeyinga og Seigla kynna starfsemi sína. Brunavarnir Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar, Hjálparveitir og Rauði krossinn mæta með ýmis tæki og tól og opið verður í gamla Húsmæðraskólanum hjá Kvenfélagasambandi Suður-Þingeyinga. Ókeypis verður í sundlaugina á Laugum þennan dag frá kl. 14-18 í boði Þingeyjarsveitar og undir yngstu kynslóðinni verður teymt á Safaríhestum.

Fögnum saman sumri á Laugum.

Nemendur og starfsfólk Framhaldsskólans á Laugum.

15. tbl.
14. apríl
2016
23. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s: 4643366 / gsm: 8953386



Fögnum sumri í Þorgeirskirkju

Sameiginleg dagskrá
kirkjukóra í Suður-Þingeyjarsýslu
verður í Þorgeirskirkju

sumardaginn fyrsta,
fimmtudaginn 21. apríl kl. 20:30.

Kirkjukórarnir syngja vortónlist.

Prestar flytja ljóð.

Allir velkomnir.
Undirbúningsnefnd.